



Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Betri Reykjavík fyrir konur og karla

**Niðurstöður tilraunaverkefnis í kynjaðri
fjárhags- og starfsáætlunargerð**

14. september 2012

Hilmar Magnússon (teymisstjóri)
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir
Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir

Inngangur

Stutt lýsing á verkefni

Verkefnið *Betri Reykjavík fyrir konur og karla* fólst í því að greina fjölda og virkni notenda samráðsvefsins *Betri Reykjavíkur* út frá sjónarhorni kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Athugað var hversu margar konur og hversu margir karlar væru skráð til leiks á vefnum, auk þess sem fjöldi hugmynda var greindur eftir kynjum. Þá voru þær hugmyndir sem ratað hafa sem formleg erindi til afgreiðslu fagráða Reykjavíkurborgar greindar eftir málaflokkum og kynjum.

Betri Reykjavík er samráðsvefur þar sem íbúum borgarinnar gefst tækifæri til að setja fram hugmyndir sínar um þjónustu og rekstur Reykjavíkurborgar. Skráðir notendur taka þátt í umræðuvettvanginum með því að setja fram hugmyndir, skoða hugmyndir annarra, rökstyðja skoðun sína og/eða gefa hugmyndum og rökum vægi. Atkvæðamestu hugmyndir hvers mánaðar eru sendar átta fagráðum Reykjavíkurborgar sem formleg stjórnsýsluerindi og hefur borgin skuldbundið sig til að taka á móti fimm efstu hugmyndunum ásamt efstu hugmynd í hverjum málaflokki en þeir eru þrettán talsins.

Verkefnisteymi

Í verkefnisteyminu voru Hilmar Magnússon verkefnisstjóri *Betri Reykjavíkur*, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir teymisstjóri á skrifstofu borgarstjóra (sem nú er í námsleyfi) og Huguína Hrönn Kristjánsdóttir verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjóra. Hilmar stýrði vinnu teymisins.

Eigandi verkefnis

Eigandi verkefnisins er Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari f.h. skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Niðurstöður

Markmið

Meginmarkmiðið með verkefninu var að vinna að jöfnum rétti og áhrifum kynjanna gagnvart stjórnslu Reykjavíkurborgar, auka fagmennsku í stjórnslunni og stuðla að eflingu og þróun íbúalýðræðis. Kynjamarkmið verkefnisins voru rauði þráður þess og fólust í:

- að greina hvort kynin hafi jöfn áhrif á þeim samráðsvettvangi sem *Betri Reykjavík* er ætlað að vera eða hvort e.t.v. halli á annað þeirra.
- að gera tillögur um úrbætur komi í ljós að ekki gæti jafnræðis milli kynja í þátttöku/áhrifum á vefnum.
- að afla upplýsinga um BR sem hægt væri að nýta í frekari rannsóknir á þessu sviði.

Verkefnisteymið telur að meginmarkmiði verkefnisins hafi verið náð og rökstyður þá skoðun þannig:

- Verkefnið hefur gefið færi á að halda betur utan um gögn er varða *Betri Reykjavík* og skapað dýrmæta þekkingu á eðli verkefnisins og möguleikum. Verkefnið eykur því fagmennsku í stjórnslunni og er líklegt til að stuðla að eflingu og þróun íbúalýðræðis.

Verkefnisteymið telur kynjamarkmiðum verkefnisins náð og rökstyður það með eftirfarandi hætti:

- Niðurstöður verkefnisins benda til þess að karlar njóti ívið meiri áhrifa en konur, bæði inni á samráðsvefnum, sem og í fjölda þeirra erinda sem berast fagráðum. Munurinn er þó ekki verulegur og rúmast t.d. vel innan þess viðmiðs sem kveðið er á um í 15. gr. jafnréttislaga frá 2008 en þar segir m.a. að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40%.
- Upplýsingar þær sem aflað var í verkefninu eru vel nothæfar til að byggja frekari rannsóknir á.

Að þessu sögðu telur verkefnisteymið hvorki nauðsynlegt að bregðast sérstaklega við niðurstöðunum né setja fram tillögur um úrbætur. Hins vegar lýsir teymið yfir áhuga og vilja til þess að unnið verði áfram með verkefnið, eða sambærileg verkefni, og að þannig verði ráðist í frekari rannsóknir á efninu. Þá vinnu væri upplagt að ráðast í samhliða hugsanlegri notendakönnun á *Betri Reykjavík* þar sem stuðst yrði við rýnihópa og spurningalista.

Lýsing á verkefninu

Mótun verkefnisins og undirbúningur hófust í apríl 2012 og voru markmiðasetning og verkáætlun sett fram í sérstakri verkefnislýsingu þann 13. apríl 2012.

Verkefnið afmarkaðist af þeim hluta *Betri Reykjavíkur* sem er virkur allt árið og snýr að innsendingu erinda til átta fagráða borgarinnar. Verkefnið var ennfremur afmarkað við fjölda þátttakenda og kyn, sem og fjölda hugmynda og uppruna þeirra eftir kynjum.

Notendur voru ekki greindir eftir aldri, búsetu, uppruna eða menntunarstigi né heldur voru þátttaka kynjanna í umræðum um innsettar hugmyndir eða vægi með- og mótraka skoðuð, enda hefði slíkt kallað á mun flóknari úrvinnslu. Af þessu leiðir að kosningin um *Betri hverfi 2012*, sem var afmarkaðra verkefni og fólst í kosningu á vordögum 2012 um innsendar hugmyndir að smærri nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum í hverfum Reykjavíkur, var ekki hluti af rannsókninni.

Að mótun verkefnis og undirbúningi loknum var kallað eftir tölum um heildarfjölda notenda *Betri Reykjavíkur* og kynjaskiptingu þeirra. Flokkarnir voru:

- Konur
- Karlar
- Ótilgreindir notendur (t.d. ýmsir hópar, íbúasamtök o.fl.)

Þá var kallað eftir upplýsingum um heildarfjölda hugmynda og hvernig þær skiptust á milli kynjanna samkvæmt eftirfarandi flokkum:

- Hugmyndir frá konum
- Hugmyndir frá körlum
- Hugmyndir frá ótilgreindum notendum (t.d. ýmsum hópum, íbúasamtökum o.fl.)

Þessu næst var sjónum beint að því hvaða hugmyndir skiluðu sér inn í afgreiðslu fagráðanna átta og hvernig þær skiptust á milli kynja eftir málaflokkum og ráðum. Lagt var upp með þá stefnu að ef í ljós kæmi afgerandi munur milli kynja yrði reynt að leita skýringa, t.d. með því að skoða kynningarefni, blaðagreinar og auglýsingar um *Betri Reykjavík*, og bregðast við með viðeigandi hætti.

Lýsing á vinnuferlinu

Verkefnisteymið ákvað í upphafi að sníða sér stakk eftir vexti og voru umfang og ferli verkefnisins því ávallt vel viðráðanleg. Reglulegar vörður í formi stöðufunda reyndust einkar gagnleg verkfæri. Teymið nýtti sér fundina sem skilafresti, sneið feril verkefnisins að þeim og hélt sér þannig við efnið. Þá voru fundirnir góð uppspretta faglegrar næringar í formi hugmynda og innblásturs.

Verkefnisteymið hittist fyrst á fundi í byrjun apríl og mótaði verkefnislýsingu þar sem gerð var grein fyrir afmörkun, markmiðum og stjórnskipulagi verkefnisins, gildum teymisins, áhættum og hagsmunaaðilum. Þá var í skjalinu sett fram verkefnis- og tímaáætlun. Eftir það hittust fulltrúar í teyminu á óformlegum fundum, einkum í aðdraganda stöðufunda, en studdust að mestu við tölvupóstsamskipti. Afurðir verkefnisins, s.s. glærukynningar og bráðabirgðaniðurstöður, voru einnig sendar eiganda verkefnisins til upplýsingar og samþykkis með tölvupósti í aðdraganda stöðufunda. Gagnaöflun og úrvinnsla var að mestu í höndum teymisstjóra og naut hann aðstoðar Íbúa samráðslýðræðis ses en það er sá aðili sem séð hefur um þróun vefsins og tæknilegan rekstur í samvinnu við Reykjavíkurborg. Verkefninu var að mestu lokið þegar bráðabirgðaniðurstöður voru birtar þann 13. júní 2012.

Lýsing á rannsókn

Rannsóknin var meginleg. Unnið var með tölulegar upplýsingar um þátttakendur, fjölda hugmynda og erinda tilfagráða og þær síðan greindar.

Rannsóknin var tvískipt. Annars vegar var notkun á samráðsvefnum sjálfum skoðuð og greind. Hér var litið á heildarfjölda notenda og kynjaskiptingu ásamt heildarfjölda hugmynda og skiptingu þeirra milli kynja. Þessar upplýsingar voru fengnar frá Íbúum. Upplýsingar um kyn eru við skráningu settar inn á samráðsvefinn af notendum sjálfum en með ákveðinni forritunarvinnu er hægt að kalla þær fram úr grunninum og tengja með þeim hætti sem lýst hefur verið. Upplýsingarnar lýsa stöðunni eins og hún var þann 31. maí 2012.

Hins vegar var um að ræða greiningu á fjölda og kynjaskiptingu þeirra erinda sem höfðu borist átta fagráðum Reykjavíkurborgar frá því erindi voru fyrst send þeim þann 31. október 2011 og fram að 31. maí 2012 þegar erindi maímánaðar voru send inn.

Niðurstöður verkefnisins


Niðurstöður verkefnisins miðast við stöðuna þann 31. maí 2012 og eru eftirfarandi:

- Notendur voru alls 6.121. Þar af 3.063 konur, 2.582 karlar og 476 ótilgreindir notendur (hópar og aðrir sem ekki verða kyngreindir). Þetta þýðir að konur voru 50% notenda vefsins á móti 42% karla og 8% ótilgreindra notenda.
- Heildarfjöldi hugmynda var 1.461. Þar af áttu karlar 735, konur 712 og ótilgreindir notendur 14. Karlar áttu því 50% innsendra hugmynda, konur 49% og ótilgreindir 1%.
- Alls höfðu 124 erindi ratað til fagráðanna átta til formlegrar afgreiðslu. Af þeim áttu karlar 65, konur 55 og ótilgreindir notendur 4. Karlar eiga því 53% erindanna, konur 44% og ótilgreindir notendur 3%.

Við greiningu (kyn/málaflokkur) á þeim erindum sem ratað höfðu til fagráðanna kom eftirfarandi í ljós:

- Langflest erindi eða 37 af 124 (29,8%) höfðu verið send til umhverfis- og samgönguráðs. Af þessum 37 erindum áttu karlar 22 (59,5%), konur 15 (40,5%) og ótilgreindir notendur ekkert.
- Karlar áttu fleiri erindi til borgarráðs (57,9%), umhverfis- og samgönguráðs (59,5%), menningar- og ferðamálaráðs (76,6%) og skipulagsráðs (62,5%).
- Konur áttu fleiri erindi til velferðarráðs (62,5%), skóla- og frístundaráðs (50,0%), íþrótt- og tómstundaráðs (57,9%) og mannréttindaráðs (62,5%).

Skipting erinda til fagráða var annars eftirfarandi (frekari greiningu má sjá í *Töflu 1* í fylgigögnum):



Skammstöfun ráða: BOR = Borgarráð, USR = Umhverfis- og samgönguráð, VFR = Velferðarráð; MFR = Menningar- og ferðamálaráð, SFR = Skóla- og frístundaráð, ÍTR = Íþrótt- og tómstundaráð, SKR = Skipulagsráð, MRR = Mannréttindaráð.

Af þessum tölum má sjá að þótt hlutfallslegur munur milli kynja sé lítil virðist sem karlar hafi verið virkari í að senda inn hugmyndir en konur. Að meðaltali sendi hver kvenkyns notandi inn 0,23 hugmyndir en hver karlkyns notandi 0,28 hugmyndir. Hver ótilgreindur notandi sendi að meðaltali inn 0,03 hugmyndir.

Þá rötuðu hugmyndir karla frekar inn í fagráð en hugmyndir kvenna. Alls fóru 8,84% hugmynda karla inn í fagráð sem formleg erindi, á móti 7,72% hugmynda kvenna. Heil 28,57% þeirra hugmynda sem sendar voru inn af ótilgreindum aðilum náðu inn til fagráðanna.

Gögnin sem hér liggja fyrir sýna kynjaskiptingu notenda, hugmynda og erinda á *Betri Reykjavík* og má einnig greina samkvæmt málaflokkum og fagráðum. Gögnin gefa hins vegar ekki tilefni til að draga nokkrar ályktanir um orsakir þessarar skiptingar. Hér er enda einungis um söfnun og úrvinnslu talnagagna að ræða og ekkert grafist fyrir um aðrar breytur, s.s. þær ástæður eða hvata sem drífa notendurna áfram. Til þess þarf aðrar og viðameiri rannsóknir. Verkefnisteymið hefur lýst yfir áhuga og vilja til þess að unnið verði áfram með verkefnið, eða sambærileg verkefni, eins og fram kemur í markmiðakafla þessarar skýrslu.

Hvernig nýttist vinnufyrirkomulagið?

Vinnufyrirkomulagið nýttist ágætlega og féll vel að öðrum verkefnum skrifstofunnar. Ferill verkefnisins var af hálfu stýrihóps, verkefnisstjóra og starfsmanna sett upp með þeim hætti að verkefnisteymið gat dreift álagi vegna þess mjög vel.

Hvernig nýttast niðurstöður verkefnisins sviðinu/skrifstofunni?

Niðurstöðurnar hafa þegar nýst skrifstofunni til að átta sig betur á hvaða verkfæri hún er með í höndunum í formi *Betri Reykjavíkur* og hvernig vefurinn er notaður. Þá hafa þær gefið henni góðar vísbendingar um hvaða atriði hún getur skoðað nánar til að þróa vefinn áfram þannig að hann nýtist öllum borgurum jafnt.

Niðurstöðurnar benda til þess að kynin nýti samráðsvefinn með ólíkum hætti og að áhrifa þeirra gæti á ólíkum sviðum. Niðurstöðurnar virðast gefa hugmyndum um „hefðbundin“ áhugasvið kynjanna – að karlar gefi sig mest að „hörðu málunum“ en konur að þeim „mjúku“ – byr undir báða vængi. Þetta eru athyglisverðar tölur sem full ástæða er til að skoða frekar.

Þá sýna niðurstöðurnar að mikið misvægi er á milli málefnasviða. Þannig virðast „hörðu“ og „sýnilegu“ málaflokkarnir, s.s. framkvæmda-, umhverfis- og samgöngumál njóta verulega meiri hylli en „mýkri“ og „ósýnilegri“ málaflokkar á borð við mannréttinda-, skóla- og frístunda- og velferðarmál.

Er þörf á frekari vinnu?

Þessu afmarkaða verkefni er lokið. Þó mætti rýna betur í aðferðafræðina og gögnin, skoða nánar hvaða hugmyndir og notendur verið var að telja, líta á tengsl virkra notenda og virkra hugmynda og skoða hvort þar gæti verið um einhverjar skekkjur að ræða.

Eins þyrfti að greina heildarskiptingu hugmynda í málaflokka eftir kynjum á sjálfum vefnum en slík greining var einungis framkvæmd á þeim hugmyndum sem ratað höfðu inn til fagraða sem formleg erindi. Sambærileg greining á heildarvefnum gæti gefið áhugaverðan samanburð á þessum tveimur stigum ferlisins.

Hvaða tækifæri felast í niðurstöðum verkefnisins?

Niðurstöðurnar segja ýmislegt um samfélagið og geta nýst til að þróa áfram þau lýðræðisverkfæri sem unnið er með. Niðurstöðurnar er hægt að nota til að móta áherslur um samráðsvefinn til framtíðar – hvort sem þær líta að sjálfri virkni hans eða kynningunni á honum. Þannig mætti ræða ólíka nálgun kynjanna að vefnum og jafnvel hampa „ósýnilegu“ málaflokkunum meira í kynningarstarfi.

Eru hindranir í vegi fyrir því að niðurstöðurnar geti nýst?

Nei. Gögnin eru hvorki viðkvæm né flókin og má setja fram með einföldum og ábyrgum hætti. Niðurstöðurnar eru borðleggjandi. Þær draga upp skýra mynd af stöðunni og því ætti að vera tiltöluega auðvelt að smíða verkefni og verkfæri til að bregðast við þeim, sé ástæða og vilji til þess.

Eru hindranir í vegi fyrir því að hægt sé að vinna verkefnið áfram?

Nei. Svo lengi sem pólitískur vilji er til staðar ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að vinna verkefnið áfram. Engar sérstakar hindranir eru sjáanlegar á þessum tímapunkti, nema ef vera skyldi tíma- og fjárskortur. Verði ákveðið að gera eitthvað með upplýsingarnar, t.d. í kynningarstarfi og/eða við vefþróun, er ljóst að í það verkefni þarf bæði mannafla og fjármagn.

Hvað hefði betur mátt fara?

Í forsendum verkefnisteymisins hefði mátt skýra ítarlegar hvaða talnagögn ætti að nálgast og hvað ætti nákvæmlega að leiða í ljós með þeim – þ.e.a.s. hvaða breytur væru mikilvægastar. Til að tryggja gæði gagnanna hefðu talnagögn mátt fela í sér ítarlegri útlistun á þeirri aðferðafræði sem beitt var við öflun þeirra. Eins hefðu þau mátt berast fyrr. Þetta eru atriði sem gagnlegt er fyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að hafa í huga þegar og ef aftur verður farið í sambærilegt verkefni. Þess ber að geta að framköllun tölfræðigagna felur í sér nokkra vinnu við forritun sem og talsvert mikla handavinnu við úrvinnslu og veldur þar með auknu vinnuálagi og tilkostnaði fyrir skrifstofuna.

Aðrar ábendingar

Í þessu verkefni var með tiltölulega einföldum hætti verið að draga saman ákveðin töluleg gögn um *Betri Reykjavík*. Úrvinnsla gagnanna gefur vísbendingar um stöðu mála en ekki er tilefni til að draga nokkrar ályktanir um *ástæður* þeirrar skiptingar sem lesa má úr niðurstöðunum. Til þess þarf að beita frekari rannsóknum.

Fylgigögn

Rannsóknargögn

Eftirfarandi fylgigögn má finna aftan við skjal þetta.

1. Tafla 1 Betri Reykjavík: Erindi send frá samráðsvef til fagraða frá 31.10.2011 til 31.5.2012 – Fjöldi, kyn og málaflokkar bls. 9
2. Tafla 2 Betri Reykjavík: Erindi send frá samráðsvef til fagraða frá 31.10.2011 til 31.5.2012 – Yfirlit erinda bls. 10

Gert í Reykjavík þann 14. september 2012

Hilmar Magnússon
teymisstjóri og verkefnisstjóri Betri Reykjavíkur

Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir
verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Eigandi verkefnisins hefur kynnt sér skýrslu þessa og samþykkir hér með undirskrift sinni að um sé að ræða lokaniðurstöðu þess:

Elly Katrín Guðmundsdóttir
borgarritari

Tafla 1 - Betri Reykjavík

31.5.2012 - Hilmar Magnússon

Erindi send frá samráðsvef til fagraða frá 31.10.2011 til 31.5.2012

Fjöldi, kyn og málaflokkar

| Heiti ráða | Ráð | Málafl. | KVK | KK | ÓTL | ALLS |
|----------------------------------|------------|---------|-----|----|-----|------|
| BOR = Borgarráð | BOR | FRA | 5 | 3 | 0 | 8 |
| USR = Umhverfis- og samgönguráð | | STJ | 3 | 5 | 0 | 8 |
| VFR = Velferðarráð | | ÝMI | 0 | 3 | 0 | 3 |
| MFR = Menningar- og ferðamálaráð | | | 8 | 11 | 0 | 19 |
| SFR = Skóla- og frístundaráð | USR | UMM | 6 | 8 | 0 | 14 |
| ÍTR = Íþróttá- og tómstundaráð | | SAM | 8 | 12 | 0 | 20 |
| SKR = Skipulagsráð | | ÝMI | 1 | 2 | 0 | 3 |
| MRR = Mannréttindaráð | | | 15 | 22 | 0 | 37 |
| | VFR | VEL | 5 | 2 | 1 | 8 |
| Heiti málaflokka | | ÝMI | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | | 5 | 2 | 1 | 8 |
| FRA = Framkvæmdir | MFR | MOL | 4 | 5 | 0 | 9 |
| STJ = Stjórnsýsla | | FER | 0 | 8 | 0 | 8 |
| UMM = Umhverfismál | | ÝMI | 0 | 0 | 0 | 0 |
| SAM = Samgöngur | | | 4 | 13 | 0 | 17 |
| VEL = Velferðarmál | SFR | MEN | 4 | 1 | 3 | 8 |
| MOL = Menning og listir | | ÝMI | 0 | 0 | 0 | 0 |
| FER = Ferðamál | | | 4 | 1 | 3 | 8 |
| MEN = Menntun | ÍTR | FRÚ | 7 | 3 | 0 | 10 |
| FRÚ = Frístundir og útivist | | ÍþR | 4 | 3 | 0 | 7 |
| ÍþR = Íþróttir | | ÝMI | 0 | 2 | 0 | 2 |
| SKI = Skipulag | | | 11 | 8 | 0 | 19 |
| | SKR | SKI | 2 | 5 | 0 | 7 |
| ÝMI = Ýmislegt | | ÝMI | 1 | 0 | 0 | 1 |
| | | | 3 | 5 | 0 | 8 |
| | MRR | MAN | 5 | 3 | 0 | 8 |
| | | ÝMI | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | | 5 | 3 | 0 | 8 |
| | ÝMI - ALLS | | 2 | 7 | 0 | 9 |
| | Alls | | 55 | 65 | 4 | 124 |

Tafla 2 - Betri Reykjavík

31.5.2012 - Hilmar Magnússon

Erindi send frá samráðsvef til fagraða frá 31.10.2011 til 31.5.2012

| Heiti erindis | Málaflokkur | Ráð | KVK | KK | Ó | ALLS |
|--|-------------|-----|-----|----|---|------|
| | | | 55 | 65 | | 124 |
| Fleiri greiðslumöguleikar í strætó | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Bjóðum hljómsveitum að troða upp á Lækjartorgi á laugardögum | MOL | MFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Setja upp aðstöðu fyrir unga vegglistamenn | MOL | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Að borgin gæti mannréttinda útgangsfólks og fíkla | MAM | MRR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Matarmarkað á hafnarbakkann | MOL | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Endurgjaldslaus flóamarkaður í Reykjavík | ÝMI | BOR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Sameining höfuðborgarsvæðisins í eitt sveitarfélag | STJ | BOR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Laga hættulega göngustíga í Fossvogi á borgarlandi | FRA | BOR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Byggja nýtt eimbað í Sundhöllinni | ÍÞR | ÍTR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Opnunartími sundstaða eins og hann var | STJ | ÍTR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Æfingaslár í Hljómskálagarðinn | FRÚ | ÍTR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Endurvekja Laugarveg sem verslunargötu með ferðamenn í huga | FER | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Meira skjól í borgina- gróðursetja tré á skipulagðan hátt | SKI | SKR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Leyfa grunnskólakrökkum að fara í fleiri vettvangsferðir | MEN | SFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Ókeypis grænar endurvinnslutunnur í öll hús í Reykjavík | UMM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Athvarf geðsjúkra, Vin verði opið áfram | VEL | VFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Auðvelda aðgengi barnavagna í undirgöng undir miklubraut | FRA | BOR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Opið nefndarstarf með útvikkun á netinu | STJ | BOR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Lengja opnunartíma sundlauganna um helgar | FRÚ | ÍTR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Strandblaksvöllur í Vesturbænum | ÍÞR | ÍTR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Að breyta Ingólfstorgi í skautasvell yfir vetrartímann. | FER | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Uppákomur, markaðir og tónlist á Ingólfstorgi um helgar | MOL | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Reykjavíkurborg starfi yfirlýst eftir Barnasáttmála SP | MAM | MRR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Leyfa hæsnahald í borginni til nýtis | ÝMI | SKR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Áætlun til að bæta næringu nemenda skólanna | MEN | SFR | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Endurvekja skólagarðana og nota grænmeti í skólamötuneyti | UMM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Laugavegur göngugata alla daga | SKI | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Strætó gangi fram yfir miðnætti alla daga | SAM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Það er orðið tímabært að eitthvað sé hugsað um Hverfisgötu | SAM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Alvöru húsaleigukerfi í Reykjavík | VEL | VFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Bæta aðstöðu hjólreiðarfólks í miðbænum | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Fleiri ruslatunnur á og við almenna göngustíga | UMM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Hólfaskiptar ruslafötur í miðbæinn | UMM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Lægri fasteignagjöld á þá íbúa sem flokka sorp! | UMM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Selja strætókort og -miða á fleiri stöðum | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Betri samskipti við borgara | STJ | BOR | 0 | 1 | 0 | 1 |

| | | | | | | |
|--|-----|-----|---|---|---|---|
| Betri hjálp við mig geðveikan | VEL | VFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Ekki hækka verð í sund | ÍÞR | ÍTR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Endurbætum Ingólfstorg án risahótels | SKI | SKR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Föstudagsopnun í Nauthólsvík | FRÚ | ÍTR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Jólaborp í Laugardalnum | MOL | MFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Opið þráðlaust internet allstaðar | ÝMI | BOR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Semja ratleik sem leiðir ferðamenn um borgina | FER | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Taka börn fædd 2010 inn á leikskóla borgarinnar | MEN | SFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Tryggja aðgang að netinu fyrir alla | MAM | MRR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Vantar perur í götulýsingu í Fossvogsdal og Elliðárdal | FRA | BOR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Borgin stofni Borgarbanka (Besti bankinn) | ÝMI | BOR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Gera bókhald borgarinnar sýnilegra | STJ | BOR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Nýtt skátaheimili í Breiðholtið | FRA | BOR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Byggja útisundlaug við Sundhöll Reykjavíkur | ÍÞR | ÍTR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Gera frístundakortið aðgengilegt fyrir börn undir 6 ára | FRÚ | ÍTR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Breytum Kjarvalsstöðum í menningarmiðstöð | MOL | MFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Fornaldarbær Ingólfs Arnarsonar | FER | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Borgin reki áfram Konukot | MAM | MRR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Nýta betur garðinn við Vesturbæjarlaug | SKI | SKR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Auka hlutfall skapandi greina í grunnskólum | MEN | SFR | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Bann við að henda rusli á götur borgarinnar | UMM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Gera undanþágu frá einstefnu fyrir reiðhjól | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Næturstrætó | SAM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Ókeypís í strætó og tíðari ferðir | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Strætó stoppi við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn | SAM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Setjum upp opið, aðgengilegt viðburðadagatal Vesturbæjar | VEL | VFR | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Hjólagrindur verði settar við Hörpu | FRA | BOR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Opin stjórnsvýsla | STJ | BOR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Sensual sundlaugar, ilmólur, litir, tónlist, róandi lýsing | ÝMI | ÍTR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Stækka Klifurhúsið! | ÍÞR | ÍTR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Útisundlaug við Sundhöllina | FRÚ | ÍTR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Höfuðborgarsvæðið eitt bókasafnssvæði | MOL | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Merkja betur jarðfræðilega merkilega staði í Reykjavík | FER | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Götublað sem heimilislaust fólk getur selt til að afla sér tekna | MAM | MRR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Trukkana burt úr íbúðahverfum | SKI | SKR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Draga sameiningar grunnskóla í Reykjavík til baka | MEN | SFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Endurvinnsla og flokkun á sorpi í stað urðunar | UMM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Grenndargáma á fleiri staði | UMM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hofsvallagata Minni hraði, hjólastígar, gróður | UMM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Upplýsingar um ferðir Strætó gerðar aðgengilegrar | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hækka fæðingarstyrk námsmanna upp í lágmarkstekjur | VEL | VFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Betri körfuboltavöll í bakkana í Breiðholtið | FER | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Göngubrú frá Seláshverfi yfir í Norðlingaholt | FRA | BOR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Æfingatæki og teygjuaðstaða í Laugardalinn | FRÚ | ÍTR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Eitt sundkort fyrir allar sundlaugar höfuðborgarsvæðisins | ÍÞR | ÍTR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Eineltisnefnd Reykjavíkurborgar | MAM | MRR | 1 | 0 | 0 | 1 |

| | | | | | | |
|--|-------------------------|-----|---|---|---|---|
| Hönnunarsafn Íslands í miðborgina | MOL | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Leikskólakennarar fá greitt fyrir neyslulhé | MEN | SFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hjólavísar (bike & chevron) | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Innanbæjar sætisvögnum verði fjölgað í 6 ferðir á kls. | SAM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Hjólagrindur á Strætó | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hjólagrindur | SAM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Lífvænleg Snorrabraut | SAM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Húsið NASA við Austurvöll verði allt friðlýst | SKI | SKR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Rafmagn ódýrt nóg fyrir ræktendur grænmeti á Íslandi bannig | STJ | BOR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Skilasiðsala fyrir dósir og flöskur í verslanir | UMM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Útiskýli fyrir útigangsmenn | VEL | VFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Lengri opnun um helgar í sundlaug, f. barnafólkið | FRÚ | ÍTR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Make downtown RVK attractive for everyone and the tourists! | FER | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Setja hitamæli og loftvog í turninn niðri á Lækjartorgi | FRA | BOR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Upplýst skautasvell og skautaleigu á tjörnina | FRÚ | ÍTR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Baðhús við Skólavörðustíg | ÍPR | ÍTR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Að mínar þarfir sem manneskja, séu settar ofar þörfum hunda | MAM | MRR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Kennsla í forritun hluti af námi í grunnskólum | MEN | SFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Auglýsa leiðakerfið inn í strætisvögnum | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Losna við sandhaugana við Bryggjuhverfið | SKI | SKR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Betri Reykjavík á landsvísu | STJ | BOR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Fólk geti gefið almenningubekki til minningar um ástvini | UMM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hjólástigur meðfram Miklubraut | UMM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Opna skólagarða aftur og gera jafnvel og áður eða betur ! | UMM + Betri fj.h.áætlun | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Heimili og stuðningur fyrir unga útigangsmenn | VEL | VFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Aukahólf á almenningrusl fyrir dósa- og flöskusafnara | ÝMI | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Gangstéttir meðfram umferðargötum | SAM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Bensínstöðvum við Kringlu breytt í yfirbyggðar strætóstöðvar | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Fækka blindum hornum á hjólástigum | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Flokka sorp, setja 2-3 tunnur við heimili borgarbúa | UMM | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Hjólástig á Fríkirkjuveg | SAM | USR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Bæta öryggi hjólríðamanna í Ártúnsbrekkunni | FRA | BOR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Svarbox á BR þar sem borgarfulltrúar þurfa að svara! | STJ | BOR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Bílastæðakort í miðbænum | ÝMI | USR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Betri aðbúnað fyrir útigangsfólk á nóttu sem á degi | VEL | VFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Berserkjahlaup víkinga niður Skólavörðuholt | FER | MFR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Menningarhús barnanna | MOL | MFR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Brjótum upp kennslustundir með aukinni hreyfingu og leik | MEN | SFR | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Hverfislaugarnar verði opnar á kvöldin | FRÚ | ÍTR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hlaupabraut sem er opin almenningi | ÍPR | ÍTR | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hampiðjureitur Fallegur reitur | SKI | SKR | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Léttskipulagt flóttamannaþorp fyrir útigangsfólk | MAM | MRR | 0 | 1 | 0 | 1 |